

Myndati jeg itafi
og marga dra'ttu

Benedikt Gröndal
– skrifarinn og skáldið



Sýning í Þjóðarbókhöðu
opnuð 6. október 2017

Æviágrip

Benedikt Gröndal Sveinbjarnarson fæddist 6. október 1826 á Bessastöðum á Álftanesi. Hann var eitt af tíu börnum Sveinbjarnar Egilssonar (1791–1852) rektors Lærða skólans og Helgu Benediktsdóttur Gröndal (1800–1855).

Benedikt ólst upp á Bessastöðum til ársins 1835 þegar fjölskyldan fluttist að Eyvindarstöðum á Álftanesi. Hann útskrifaðist frá Bessastaðaskóla 1846 og sigldi þá um sumarið til Kaupmannahafnar til háskólanáms í náttúrufræði og bókmenntum.

Árið 1850 sneri Benedikt aftur heim til Íslands, próflaus. Dvaldi hann í Reykjavík næstu sjö árin og fékkst við ýmis lausamenskustörf, þar á meðal sem ritari landfógeta, við þingskriftir og var stundakennari í Lærða skólanum á árunum 1852–1854.

Árið 1857 hélt hann aftur til Kaupmannahafnar. Vorið 1858 kynnist hann rússneskum trúboða Dr. Etienne Djunkovskoy og ferðaðist með honum til Þýskalands og Belgíu þar sem hann dvaldi um hríð í klaustri. Þegar hann hélt aftur til Kaupmannahafnar fékk hann vinnu hjá Hinu konunglega norræna fornfræðafélagi en á Kaupmannahafnarárunum vann hann einnig fyrir sér með skrifum, m.a. fyrir Konráð Gíslason og Jón Sigurðsson, auk þess sem hann hafði framfærslu af einstaka styrkjum. Benedikt lauk loks meistaraþrófi í norrænum fræðum árið 1864.

Benedikt kynntist Ingigerði Zoëga (1845–1881) árið 1867. Þau giftust árið 1871 og eignuðust þrjár dætur, Magðalenu Þuríði eldri (1873–1876), Helgu (1875–1937) og Magðalenu Þuríði yngri (1879–1880). Á rúmum fimm árum mátti Benedikt sjá á eftir tveimur dætrum og eiginkonu sinni. Mótudu þessi áföll líf hans og lagðist Benedikt í mikla drykkju og þunglyndi.

Benedikt fékk kennaraembætti við Lærða skólann í Reykjavík 1874 en var vikið úr starfi árið 1883. Honum voru veitt eftirlaun og síðar ævilangur styrkur frá Alþingi, m.a. til að vinna að dýraríkisteikningum. Auk þess fékk hann gjarnan greitt fyrir gerð grafskrifta og erfljóða. Benedikt var ráðinn forstöðumaður Náttúrugripasafns Íslands árið 1889 og gegndi því starfi til ársins 1901.

Benedikt lést 2. ágúst 1907.

Handritageymd Benedikts

Á annað hundrað handrita í handritasafni tengjast nafni Benedikts Gröndals og eru þau afar fjölbreytt.

Í safninu eru varðveitt handrit að skáldverkum Benedikts. Þar á meðal eru tvær gerðir af ævisögu hans, *Dægradvöl*, brot úr *Örvar-Odds drápu*, *Þórðar saga Geirmundarsonar* og *Rímur af Göngu-Hrólf*. Þá eru þar þýðingar hans, m.a. á *Ilíonskvæði* Hómers.

Á fjórða tug handrita innihalda fræðileg skrif og ritgerðir. Að mestu eru það handrit um norræn fræði og náttúrufræði sem mörg geyma fjölda teikninga. Þekktast er eflaust handrit hans að *Dýrariki Íslands*. Efnistökin eru fjölbreytt og í handritunum leynist fróðleikur um allt milli himins og jarðar frá manni sem var fátt óviðkomandi.

Mikið safn erfiljóða frá 1850–1907 er varðveitt í fjórum handritum, auk þess sem erfiljóð Benedikts og grafskriftir má finna í öðrum handrita-söfnum.

Stærsti handritaflókkurinn sem tengist Benedikt eru kvæði eftir hann, ýmist rituð af honum sjálfum eða í eftirriti annarra. Telur þessi flokkur um fimmtíu handrit. Þrjú eiginhandarrit að kvæðasöfnum Benedikts eru varðveitt í safninu.

Sendibréf til Benedikts og frá honum eru í fjölda bréfasafna og hafa mörg þeirra verið gefin út.

Í tólf handritum er að finna ýmislegt efni tengt, í eigu, eftir eða ritað af Benedikt. Þar á meðal eru almanök hans frá árunum 1864–1907 og skrá yfir handrit Landsbókasafnsins. Þá hefur einkaskjalasafni hans verið haldið til haga. Í því er t.d. erfiljóð um konu hans, bréf frá Helgu dóttur hans, styrkbeiðni, leigusamningur og umfangsmikið seðlasafn.



Dægradvöl

Sjálfsævisöguna *Dægradvöl* skrifaði Benedikt Gröndal í lok 19. aldar, á sínum efri árum. Í henni rifjar hann upp viðburðaríka ævi sína og fjallar m.a. um samferðafólk sitt af miklu hispursleysi.

Tvær gerðir *Dægradvalar* hafa verið prentaðar. Sú eldri var gefin út 1923 en hin yngri kom fyrst út 1953 í ritsafni Benedikts, síðan sem sér bók árið 1965 og var endurútgefin 2014.

Lbs 1644 4to samanstendur af tólf stílabókum og er eitt af tveimur eiginhandarritum skáldsins að *Dægradvöl* sem varðveitt eru á Landsbókasafni. Er þetta handritið að þeirri gerð sem gefin var út 1953 og hefur jafnan verið kölluð yngri gerð sögunnar. Handritið var keypt árið 1912 af tengdasyni Benedikts, Þórði Edilonssyni. Gerðu Þórður og Jón Jacobson landsbókavörður þá með sér samning um að næstu 25 árin skyldi handritið hvorki lánað né lesið. Einnig kom fram í þeim samningi að frumrit ævisögunnar, sem væri í vörslu erfingja, skyldi jafnlengi liggja ólesið og ósnert.

Þó fór það svo að Bókaverzlun Ársæls Árnasonar fékk handrit að sögunni til útgáfu árið 1923. Sú útgáfa er jafnan kölluð eldri gerð sögunnar og byggði hún á handritinu sem erfingjar skáldsins höfðu í fórum sínum.

Árið 1985 afhentu erfingjar Benedikts Landsbókasafni handrit að *Dægradvöl*, sem ritað var 1887–1890 í þrjár stílabækur. Handritið var skráð árið 2013 og hefur safnmarkið Lbs 4520 8vo. Svo virðist sem þar sé um að ræða enn eldri gerð sögunnar en þá sem gefin var út 1923. Handritinu svipar til þeirrar útgáfu nema í handritið vantar kaflann eftir 1874 sem er að finna í útgáfunni.

Mikilvægur þáttur í ritun ævisögunnar eru minnisbækur Benedikts, sem hann studdist við. Þær ná yfir langflest árin frá 1863–1907 en síðustu minnisgreinina skrifar Benedikt 29. júlí 1907, örfáum dögum fyrir andlátið. Minnisbækurnar eru varðveittar á Landsbókasafni undir safnmarkinu Lbs 2101 8vo.



Texti: Guðrún Laufey Guðmundsdóttir og Halldóra Kristinsdóttir
Ljósmyndir: Sigfús Eymundsson/ Ljósmyndasafn Íslands Þjóðminjasafni.
Október 2017.